



Viskubrunnurinn



Leikskólinn Laugalandi

Heimasíða: <https://leikskolinnlaugaland.rv.is>

Netfang: leikskolinn@laugaland.is

Sími: 487-6633

Elsku mamma og pabbi

Mundu að ég er barn, ekki lítil fullorðin vera. Stundum skil ég ekki það sem þú segir.

Ég er með svo litlar hendur. Ég ætlaði ekki að hella niður mjólkinni.

Fæturnir á mér eru svo stuttir, farðu hægar svo ég geti fylgt þér eftir.

Ekki slá á hendurnar þegar ég snerti eitthvað fallegt. Ég skil það ekki.

Ég hef viðkvæmar tilfinningar. Ekki vera alltaf að skamma mig, leyfðu mér að gera mistök án þess að mér finnist ég vitlaus.

Ekki búast við því að myndin sem ég teikna eða rúmið sem ég bý um verði fullkomið. Elskaðu mig bara fyrir að reyna.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Leikskólinn Laugalandi.....	5
3. Lýðræði og jafnrétti.....	8
4. Leikur, nám og námsumhverfi.....	9
5. Samþætt og skapandi skólastarf.....	9
6. Dagskipulag leikskólans.....	12
7. Sérfræðipjónusta.....	13
8. Mat á námi og velferð barna.....	14
9. Mat á skólastarfi.....	15
10. Foreldrasamstarf.....	15
11. Samstarf við grunnskólann á Laugalandi.....	16
12. Samstarf við Tónlistarskóla Rangæinga.....	16
13. Starfsáætlun.....	19
14. Öryggismál.....	19
15. Einelti.....	19
16. Lokaorð.....	20

1. Inngangur

Í aðalnámskrá leikskóla útg. af menntamálaráðuneytinu 2011 segir að sérhver leikskóli skuli móta sína eigin skólanámskrá sem gerir grein fyrir því hvernig leikskólinn ætli að vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá setur. Hvaða leiðir eru farnar og hvernig staðið er að mati. Skólanámskrá er yfirlýsing um hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfinu. Tilgangur hennar er að gera starf leikskólans sýnilegra og markvissara. Í skólanámskránni er gerð grein fyrir forsendum í rekstri leikskólans, innihaldi námsins og auðveldar hún nýliðum að komast inn í starfið.

Skólanámskráin byggir á aðalnámskrá leikskóla 2011 og skólanámskrá leikskólans sem gefin var út í maí 2015. Einnig byggir hún á nýjustu lögum um leikskóla 90/2008. Að baki gerðar námskrárinnar liggur mikil umræða starfsmanna, foreldra og barna og skoðanaskipti um einstök atriði leikskólastarfsins.

Nú hefur skólanámskráin verið uppfærð og hér á eftir skoðum við þá hugmyndafræði og starfshætti sem starfsfólk, foreldrar og börn hafa að leiðarljósi og þær leiðir sem notaðar eru í starfinu til þess að ná fram settum markmiðum. Þetta er 5. útgáfa skólanámskrárinnar en hún var síðast uppfærð 2015.

2. Leikskólinn Laugalandi

Leikskólinn Laugalandi hóf starfsemi sína 7. maí 1996. Fyrstu ellefu árin var hann staðsettur í Mýrarkoti, þar sem tveimur litlum kennaraíbúðum var breytt í leikskóla. Frá 30. júlí 2007 hefur hann verið í húsnæði grunnskólans eða í Súlnasalnum og frá 15. febrúar 2018 einnig í Miðgarði og þeim hluta hússins sem áður hýsti sveitasjórnarskrifstofur Holta- og Landsveitar. Leikskólinn er tveggja deilda leikskóli með pláss fyrir um 45 börn í einu. Eldri deildin nefnist Land og yngri deildin Holt.

- Síminn: 487-6633, Holt 863-6053 - Land 837-1599
- Netfang: leikskolinn@laugaland.is
- Veffang: leikskolinnlaugaland.ry.is

Byggðasamlagið Oddi bs. er rekstraraðili Leikskólans Laugalandi en að baki byggðasamlaginu standa sveitarfélögin Rangárþing ytra og Ásahreppur.

Grundvöllur leikskólastarfs

Í Leikskólanum Laugalandi er unnið eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995 og aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út 2011. Aðalnámskrá leikskóla er ígildi reglugerðar sem segir til um hlutverk leikskóla er varða menntun, uppeldi og umönnun og byggir hún á 2. gr. laga um leikskóla en í henni stendur að meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að vísýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmýnd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

Einnig tekur starfið mið af leiðarljósum leikskóla sem eru í aðalnámskránni bls. 33-34 <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/> og grunnþáttum menntunar sem eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun

Skyldur leikskólans

Skyldur leikskólans eru að vinna eftir lögum um leikskóla og aðalnámskrá. Skýrar reglur eru einnig varðandi tilkynningaskyldu við barnaverndaryfirvöld.

Skv. 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 eiga börn rétt á vernd og umönnun. Þau skulu njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag þeirra. Ef einhver vafaatriði koma upp varðandi uppeldi þeirra eða umönnun er starfsfólki leikskóla **skyld að tilkynna. Það fer eftir eðli máls hvert sinn hvort tilkynnt er beint til barnaverndarnefndar eða hvort rætt er fyrst við**

foreldra. Þetta kemur skýrt fram í IV kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 í 17. gr. þar sem fjallað er um tilkynningaskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Yfirumsjón leikskólamála

Byggðarsamlagið Oddi bs, sem stofnað var árið 2015 fer með yfirumsjón leikskólamála Leikskólans Laugalandi. Oddi fer í umboði sveitastjórnanna með málefni leikskólans og gegnir hlutverki fræðslunefndar. Í stjórn Odda eru þrír sveitastjórnarmenn og þrír eru til vara.

Starfsmannastefna

Til þess að öll starfsemi leikskólans megi skila sem bestum árangri skulu allir starfsmenn starfa eftir lögum og reglugerðum og skólastefnu sveitarfélagsins „Göngum glöð til verka“. Góð stjórnun er mikilvæg og þurfa hlutverk stjórnenda og alls starfsfólks að vera skýr og unnið eftir skilgreindum starfslýsingum sem leikskólastjóri kynnrir starfsmönnum.

Í Leikskólanum Laugalandi er áhersla lögð á að ráða hæfa og góða starfsmenn. Markmið er að starfsfólki líði vel og að allir fái notið hæfileika sinna og áhuga. Starfsmenn skulu bera virðingu fyrir hver öðrum, vinnulagi og skoðunum. Heiðarleiki, traust og góð samvinna er höfð að leiðarljósi í öllu starfi. Allir eiga hrós skilið fyrir vel unnin störf og veita og þiggja leiðsögn eftir þörfum. Starfsmenn leitast allir við að gera leikskólann að öruggum og góðum uppeldis- og vinnustað þar sem jákvæðni og bros er ríkjandi þáttur. Allir starfsmenn leitast við að þróa sig í starfi og sækja námskeið eftir símenntunaráætlun og þörfum hverju sinni.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skulu allir starfsmenn leikskóla gæta fyllstu þagnarskyldu um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þó að viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal leikskólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum.

Símenntunaráætlun

Allir starfsmenn taka þátt í símenntunaráætlun leikskólans. Það sem er í boði fyrir starfsfólk eru fjölbreytt námskeið sem haldin eru á vegum Skólaláttun Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Auk þess fara allir starfsmenn einn dag á Haustþing FL og FSL á Suðurlandi. Á Haustþinginu er boðið upp á margvíslega fyrirlestra og námskeið sem starfsfólk getur valið sér. Einnig hafa starfsmenn tækifæri á að sækja eftirsóknarverð námskeið sem geta nýst þeim í starfi. Á starfsmannafundum og starfsdögum eru einnig stutt fræðsluerindi sem tengjast starfinu.

Hugmyndafræði leikskólans

Í Leikskólanum Laugalandi teljum við að vellíðan barna sé forsenda þess að hægt sé að örva alhliða þroska þeirra. Er því lögð megináhersla á líðan barnanna í starfi og leik. Kennarar leggja sig fram við að þekkja sérkenni hvers barns og koma til móts við þarfir þess. Stundaskráin er einföld og reglur eru fáar og þeim er fylgt eftir þannig að börnin vita að hverju þau ganga á hverjum degi.

Hugmyndafræði leikskólans byggir að mestu á eftirfarandi kenningum:

- Að hlýleg og traust umönnun stuðli að andlegri- og líkamlegri vellíðan barnanna
- Að börn þarfnist aga sem kennir góðvild og festu á sama tíma
- Allir þurfa að þekkja eigin tilfinningar og að allar tilfinningar þarf að virða
- Að mikilvægt sé að barnið læri góð samskipti og að vinna með öðrum
- Að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu
- Að barnið læri í gegnum leik og eigin upplifanir
- Að þroska eigin áhugahvöt

Til þess að framfylgja þessari hugmyndafræði eru farnar leiðir sem eftirfarandi kennismiðir hafa lagt fram:

John Dewey telur að barnið læri best með því að framkvæma („Learning by doing“). Hann lagði mikla áherslu á eftirfarandi þætti:

- Að virkja athafnapörf barnsins og vekja áhuga þess
- Að barnið læri af eigin reynslu, virkni og áhuga en persónleg reynsla þess er forsenda þess að barnið fái skilning á umhverfi sínu
- Að börn læri að vinna í félagslegri heild þar sem þau þroska sjálfsvitund og skilning
- Að nám á ekki að vera bútað niður í einangraða hluta af þekkingu heldur vildi hann sjá að nám og hugsun væri heild
- Að tilraunir, samvinna og hæfileikinn til að meta séu allt þættir sem styrkja og efla barnið í leit sinni að niðurstöðu
- Að leikurinn sé leið til menntunar og þroska þar sem börnin eru virk og skapandi
- Að skapandi hugsun barna vekji áhuga þeirra sem leiðir til skýrrar hugsunar
- Að börnin læra af reynslu en ekki kennslu

Daniel Goleman, tilfinningagreind. Daniel taldi að tilfinningagreind samanstæði af fimm megin þáttum:

- Hæfni til að þekkja og nefna réttilega eigin tilfinningar ásamt skilningi á tengslum hugsana, tilfinninga og hegðunar
- Hæfni til að stjórna eigin tilfinningum, til dæmis til að bæta eigin líðan
- Hæfni til að setja sig inn í ákveðið tilfinningalegt ástand ásamt vilja til að ná árangri
- Hæfni til að skynja, þekkja og taka tillit til tilfinninga annarra
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Goleman (1995) telur að tilfinningagreind skipti jafnvel meira máli en greind í mörgum tilfellum og að kenna eigi börnum strax í æsku að þroska og þróa með sér tilfinningagreind. Hann áréttar þó að tilfinningagreind ein og sér hafi ekki endilega allt um það að segja hvernig einstaklingum vegnar í lífinu því vitsmunagreind og aðrir þættir þurfi einnig að vera til staða.

Jane Nelsen. Jane kom fram með agastefnuna Jákvæðan aga (Positive Discipline) sem byggir á væntumþykju, virðingu og að finna lausnir á málum til frambúðar. Einnig byggir Jákvæður agi á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Hugmyndafræði Jákvæðs aga má lýsa í grófum dráttum þannig:

- **Það sem stýrir hegðun:** Fólk er knúið áfram að innri þörfum - að tilheyra og skipta máli
- **Við höfum mest áhrif:** Þegar við höfum samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu
- **Áhrifamestu verkfærin eru:** Samkennd, skilningur, lausnaleit, góðvild og festa
- **Viðbrögð við „óæskilegri hegðun“:** Að leita orsaka, finna lausnir og fylgja ákvörðunum eftir
- **Viðbrögð við „hættulegri hegðun“:** Skýr eftirfylgni og afleiðingar
- **Nám fer fram:** Þegar manneskjan upplifir tilgang, sjálfstjórn og þátttöku

Grunnhugtök Jákvæðs aga eru gagnkvæm virðing, góðvild og festa. Þegar dregin eru saman sameiginlegir þættir hjá þessum fræðimönnum koma þessir þættir fram:

- Einstaklingurinn er í fyrirrúmi
- Ekki er hægt að alhæfa út frá einum einstakling yfir á alla aðra
- Reynt er að byggja upp einstaklinga sem eru félagslega sterkir og lýðræðislega hugsandi, þar sem hver og einn byggir á sinni sterku hlið/greind
- Einstaklingar þurfa að fást við ögrandi verkefni
- Námið einkennist af virkni hvers og eins þar sem einstaklingurinn byggir upp þekkingu sína út frá eigin reynslu

3. Lýðræði og jafnrétti

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti og fjölbreytileika þeirra sem að skólastarfinu koma. Samábyrgð þeirra, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum skoðunum. Í Leikskólanum Laugalandi skal vera vettvangur þar sem lögð er áhersla á gildi og starfshætti sem auka og efla lýðræðislegt samfélag þar sem börn, foreldrar og starfsmenn vinna saman. Börnin fá tækifæri til að koma fram með sínar hugmyndir og skoðanir og jafnframt er lögð áhersla á að þau virði skoðanir annarra. Í leikskólastarfinu skal hlustað á raddir barnanna og þeim kennt um gildi lýðræðis. Þar fá þau líka að vera þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi sem skal einkennast af umhyggju, virðingu, tillitsemi og sam hjálp allra í leikskólasamfélaginu. Þetta er m.a. kennt í gegnum hugmyndafræði Jákvæðs aga. Haldnir eru barnafundir með börnunum (gerðir sáttmálar) og jafnframt í öllu starfi eftir því sem við á. Í leik og starfi fá börnin að vera virk, taka þátt í daglegum athöfnum og leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Skiptast á skoðunum, finna lausnir og miðla málum í samvinnu við aðra.

Jafnrétti nær til margra þátta eins og tungumála, litarháttar, búsetu, aldurs, fötlunar, menningar, trúarbragða og kyns. Í Leikskólanum Laugalandi er unnið samkvæmt jafnréttisstefnu leikskólans og Rangárbings ytra og Ásahrepps en hún byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Einnig skal taka tillit til fólks með hlutlausu skráningu í þjóðskrá. Jafnréttisstefnan tekur m.a. mið af þjónustu sem stofnunin veitir íbúum.

Stuðlað skal að jafnrétti kynjanna á sem víðtækustum grunni og koma fram við alla starfsmenn, foreldra og börn af virðingu. Í öllu starfi skal jafnréttis gætt. Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum, einnig þegar auglýst er eftir nýju starfsfólki og að allt kynningarefni frá leikskólanum höfði til allra kynja. Líta skal á feður, mæður eða forráðamenn sem jafngild í foreldrasamstarfinu.

Leikefni og viðfangsefni nemenda skulu höfða til allra barna og kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir. Í leikskólanum er unnið að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnunum hvatningu til þess að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna. Markvisst skal

unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja. Fræðsla og umræður um jafnrétti og kynferðislegt áreiti og hvað það felur í sér skal tekið fyrir árlega á starfsmannafundi. Fræðsluefni varðandi þetta málefni skal vera aðgengilegt starfsmönnum.

4. Leikur, nám og námsumhverfi

Leikur er megin námsleið barna, gleðigjafi og veitir vellíðan. Leikurinn með öllum sínum fjölbreytileika er kjarninn í uppeldisstarfi leikskólans. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið. Tekið er mið af reynslu barnanna, áhuga og þroska. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra. Leikskólakennarar styðja við leik barna á magvíslegan hátt. Börnum er gefinn nægur tími og rými til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka. Námsumhverfi leikskólans, bæði úti og inni býður uppá fjölbreytta valkosti til náms sem endurspeglar gildi og viðhorf sem ríkja til náms barna. Fjölbreytt leikumhverfi ýtir undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu. Umhverfi sem veitir margvísleg tækifæri til náms bæði innandyrna sem utan. Inni á deildum eru m.a. hillur og skilrúm sem hægt er að nota til að breyta leiksvæðum eftir þörfum og áhuga, mynda bæði lítil og stór svæði til leiks, athafna og hreyfingar. Börnin eru virk í starfinu, hafa áhrif á það og velja sér efnivið til leikja og sköpunar. Úti njóta börnin fjölbreyttrar náttúru og þar er óþrjótandi uppspretta til leikja og sköpunar. Þau fá að handfjatla, rannsaka og draga ályktanir í samfélagi með öðrum börnum og starfsmönnum en þannig þroska þau og þjálfa hæfileika sína.

5. Samþætt og skapandi skólastarf

Leikur getur bæði verið markmið og leið í skólastarfinu og þegar hann er nýttur sem leið setja kennarar fram ákveðin markmið sem ætlað er að ná í gegnum leikinn. Náms svið leikskólans fléttast þannig inn í leik barnanna og tengja starfsmenn markmið náms sviðanna við leikinn ásamt öllu daglegu starfi leikskólans. Þannig verða náms sviðin samþætt og samofin í öllu starfi skólans. Í öllu starfi er lögð áhersla á að samþætta námsgreinar undir stjórn starfsmanna sem gera námsáætlanir með markmiðum.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og hafa mikla þörf fyrir að hafa samskipti við aðra og nota til þess fjölbreyttar aðferðir. Fyrir utan tungumálið nota þau m.a. hljóð, snertingu, látbragð, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni þeirra og sjálfsmýndin styrkist. Læsi hjá leikskólabörnum felur í sér þekkingu og leikni til að skynja, skilja og túlka upplifanir í umhverfi sínu ásamt því að vera gagnrýnin og geta miðlað.

Í Leikskólanum Laugalandi er margt gert til þess að efla læsi og samskipti. Tungumálið er eitt mikilvægasta tæki manna til samskipta til að geta tjáð sig og skilið aðra. Málörvun gengur eins og rauður þráður gegnum allt uppeldisstarfið í leikskólanum og hefur verið gerð handbók um snemmtæka íhlutun sem unnið er eftir í öllum samverustundum, árgangastarfi, matmálstímum og öðrum samskiptum er verið að efla málþroska barnanna. Þau tjá sig í leik, segja sögur, leika leikrit, spila og læra að hlusta. Börnin eru hvött til að koma fram og tjá skoðanir sínar, segja frá munnlega auk þess sem þau fá að tjá sig með myndmáli og ritun. Unnið er markvisst með mál- og hljóðkerfisvitund í árgangastarfi síðustu árin í leikskólanum sem er mikilvægt fyrir almennan lestur og ritun. Daglega er lesið fyrir börnin. Með yngstu börnunum er strax byrjað að örva málþroska m.a. með því að nota tákn með tali (TMT) þegar við á í starfinu en það er tjáningarform sem er gott til almennrar málörvunar fyrir ung börn og sérstaklega fyrir þau sem eru sein til máls af einhverjum orsökum. Allir í leikskólanum eiga sitt persónulega tákn og í fjölda söngva eru tákn notuð. Lubbi er einnig námsefni sem við notum

markvisst til að kenna íslensku máhljóðin og efla hljóðkerfisvitund og er unnið með það efni á báðum deildum.

Umhverfi og skipulag leikskólans er allt mjög myndrænt, sjónrænt skipulag sem auðveldar nemendum að lesa í umhverfi sitt. Farið er á bókasafnið eftir þörfum, bækur skoðaðar og lesnar og teknar að láni. Að fara á bókasafnið er liður í því að börnin fái ung áhuga á bókum, sjái nytsemi þeirra og skemmtun. Kynning á bókum eflir áhuga barnanna á því að læra að lesa. Einu sinni til tvisvar á skólaárinu er lestrarátak í samvinnu við heimilin.

Við byggjum samræður okkar á opnum spurningum til barnanna sem krefjast íhugunar og örva gagnrýna hugsun. Börnin eru hvött til að færa rök fyrir máli sínu og allir eru hvattir til að leggja eitthvað til málanna. Nær daglega eru svo kallaðar „Töfrastundir“ en það eru stundir sem m.a. er unnið sérstaklega með mál og tal eða þá færniþætti sem þarf að þjálfá sérstaklega hjá einstökum börnum. Þá er unnið með eitt barn í einu eða nokkur í hóp (leikhópum) allt eftir aðstæðum og þörfum. Börnunum er gert kleift að kynnst sem flestu í umhverfi sínu bæði úti og inni s.s. skólahúsnæði, náttúru, dýrum, veðri, heitum í náttúrunni, sundlaug og nánasta nágrenni og læra að lesa í það.

Í daglegu lífi þykir sjálfsagt að nota tölvur og stafræn samskiptatæki og eru þetta sjálfsgöð tæki í starfi leikskólans. Tölvur eru ekki aðeins öflug ritvinnslu- og reikniverkfæri heldur einnig tæki sem hægt er að nota til margvíslegrar merkingarsköpunar s.s. myndmáls. Við tækniþróun síðastliðinna ára hafa orðið til ný hugtök sem eru „stafrænt læsi“, „miðlamennt“ og „miðlalæsi“. Í dag er því mikilvægt að einstaklingar öðlist einnig færni á stafrænt læsi þ.e. að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta og efnissköpunar af ýmsu tagi s.s. myndsköpun, tónlist, ljósmyndir og prentað mál. Börnin þurfa að vita hvernig hægt sé að ná í upplýsingar, vinna úr þeim og miðla. Í Leikskólanum Laugalandi fá börnin að sjá hvernig hægt er að nota iPad, síma og tölvur og eru þessi tæki aðgengileg í leikskólastarfi undir umsjón starfsmanna. Nemendur hafa aðgang að stafrænum myndavélum sem þau fá að taka myndir á í starfi sínu. Í samverustundum, árgangastarfi, almennu starfi og leik er hægt að fara á netið, leita upplýsinga og sækja efni til að horfa á, hlusta eða rannsaka hluti með hjálp myndvarpans sem tengdur er við tölvu. Að þurfa að leita að upplýsingum hvetur til ritunar.

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og eiga nemendur leikskólans að læra að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Einnig þurfa þeir að finna öryggi og umhyggju en allt þetta er grundvöllur vellíðunar nemenda.

Mikilvægt er að tekið sé hlýlega á móti öllum nemendum leikskólans. Þau finni að þau séu velkomin, nærvera þeirra skipti máli og þau tilheyri hópnum. Einnig skal kveðja börnin á hlýlegan hátt, þakka fyrir daginn og láta þau vita að þau séu velkomin aftur. Kveðja skal sérhvert barn þegar það er sótt. Þessir þættir geta haft áhrif á líðan barnanna allan daginn.

Í Leikskólanum Laugalandi er lagður grundvöllur fyrir því að öllum líði vel bæði börnum og starfsfólki. Starfsmenn þurfa að vera góðar fyrirmyndir og hlusta á raddir barnanna. Við upphaf leikskólagöngu er strax byrjað að huga að því að barninu líði vel í skólanum og það sé öruggt þegar foreldrar kveðja það. Einn til tveir starfsmenn tengjast barninu í upphafi (í aðlögun) og er lykilmanneskja/ur fyrir öryggi og líðan barnsins fyrstu mánuðina. Að eiga vin eða vini er einnig mikilvægt þegar börnin eru komin á ákveðinn aldur. Í leikskólanum er mikið lagt upp úr jákvæðum samskiptum, virðingu, hrósi og vináttunni og að allir tilheyri einhverjum hópi s.s. í árgangastarfi en þar er börnunum skipt upp eftir aldri. Þar er gengið út frá að allir í hópnum séu vinir, standi saman og vinni saman. Flest þessi börn eiga síðar eftir að verða bekkjarfélagar í grunnskóla. Fylgst er vel með að ekkert barn sé skilið útundan og að einelti viðgangist ekki í leik og starfi. Til þess að efla jákvæða sjálfsmynd og kenna félagsfærni er m.a. notuð hugmyndafærði Jákvæðs aga og Blæs sem er vináttuverkefni.

Til að börnunum líði vel þurfa þau holla og góða næringu og er gerður matseðill í mótuneytinu fyrir eina viku í senn sem birtur er á facebook síðu leikskólans í byrjun hvernar viku. Öllum börnum er gefinn

kostur á að fá morgunmat, hádegismat og nónhressingu auk þess sem boðið er uppá ávexti og grænmeti fyrir hádegi. Leitast er við að hafa allt fæði barnanna hollt og gott og lítið um óþarfa sætindi eða unnin matvæli. Börnin eru hvött til þess að taka lýsi yfir vetrartímann, borða grænmeti og fæðu úr öllum fæðuhringnum. Fræðsla um hollustu matar og fæðuhringinn er í skipulögðu starfi hjá elstu börnunum.

Nauðsynlegt er að hreyfa sig og styrkja til að viðhalda heilsu og þrótti, því við eigum aðeins einn líkama. Fullnægja þarf hreyfiþörf barnanna, efla hreyfiþroska og stuðla þar með að andlegri og líkamlegri vellíðan. Grípa öll tækifæri í leik og starfi til að kenna börnunum að þekkja eigin líkama og vernda heilsuna. Í fataklefanum er markmið að börnin verði sjálfstæð og geti klætt sig úr og í auk þess að velja réttan hlífðarfatnað m.v. veður hverju sinni. Þar læra þau líka að ganga snyrtilega frá klæðnaði sínum auk þess sem umræður í fataklefa auka orðaforða og málskilning. Það að klæða sig úr og í er ein af bestu samhæfingaræfingum sem til eru, auk þess sem það eflir líkamsvitund. Öll börn fara út a.m.k. einu sinni á dag og flest fara tvisvar. Þar fá þau hreint loft og hreyfingu í leik í öruggu umhverfi. Í útiveru eykst líkamlegur styrkur og þol en útiveran býður upp á mikla möguleika til þess að örva grófhreyfingar. Einnig er farið reglulega í gönguferðir og útikennslu („Úti er ævintýri“) en þar er m.a. farið í ýmsa leiki, klifrað í trjám og fræðst um náttúruna og umhverfið en náttúran er óþrjótandi uppspretta leikja, náms og skoðunar. Börn leikskólans fara a.m.k. einu sinni í viku í íþróttir. Tveir elstu árgangar fara í íþróttaskólann með grunnskólanum þar sem þau fá líka sundkennslu á haustin og vorin. Yngri börnin fá hreyfingu í íþróttasalnum þar sem þau læra leiki og fræðast um heiti líkamshlutanna og líkamsvitund. Á haustin kemur danskennari og kennir tveimur elstu árgöngunum leikskólans dans daglega í eina viku. Í daglegu starfi notum við einnig Hugarfrelsi sem hjálpar börnunum að efla einbeitingu, styrkja sjálfsmynd, styrkleika og og jákvæða hugsun. Einnig er unnið með jóga og jógaleiki. Jógaiðkun felur í sér líkamsæfingar, öndunaræfingar og slökun sem eflir almennt heilbrigði og stuðlar að jafnvægi líkama, hugar og sálar. Jóga er hægt að iðka bæði úti sem inni.

Öll börn fara í hvíld einu sinni á dag. Þá fá litlu börnin að sofa og þau eldri ná góðri slökun. Mikilvægt er að foreldrar sjái til þess að börnin komi óþreytt í skólann svo þau geti tekist á við verkefni dagsins. Hreinlæti og persónuleg umhirða er einnig mikilvægur hluti í öllu starfi og er hvatt til hreinlætis sérstaklega eftir salernisferðir, útiveru og fyrir matmálstíma.

Sjálfbærni og vísindi

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni er skipta máli við samspil umhverfis og félagslegra þátta og leitast skal við að skila umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Sjálfbærni menntun felst í því að skapa samábyrgt samfélag og stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum og áhuga og vilja til þess að börnin taki þátt í samfélaginu. Nemendur þurfa að læra að þekkja, skilja og virða náttúruna. Börnunum er bent á að auðlindir eru ekki óþrjótandi og því á ekki að ganga óhóflega á náttúruna né nota efni sem spilla henni. Börn sem þekkja náttúruna og eiginleika hennar eiga auðveldara með að vinna með náttúrunni og þess vegna er börnunum á leikskólanum kennt að vernda hana, virða og halda henni hreinni. Það er eðli barna að beita ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau þurfa að fá að rannsaka á fjölbreyttan hátt og draga ályktanir og læra best í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Hlutverk starfsmanna er að hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hluti. Skapa viðhorf og aðstæður til að börn geti nýtt sér nýja merkingarbæra reynslu en umhverfi leikskólans er uppspretta fjölbreyttra aðstæðna til náms og rannsókna. Í næsta nágreppi skólans má m.a. finna trjágróður, fjós, fiskeldi, sauðfé og hross. Þar er einnig mikið fuglalíf, lækur og fjölbreytt landslag. Útivera og útikennsla er einn af mikilvægum þáttum í leikskólastarfinu en þannig kynnast þau vel hringrás náttúrunnar og fjölbreytileika árstíða. Starfsmenn aðstoða börnin við að setja heiti á hluti og fyrirbæri í náttúrunni sem síðan eru skoðaðir nánar á fjölbreyttan hátt m.a. með hjálp fjölbreyttra miðla. Einnig er unnið með þessa þætti í samverustundum, árgangastarfi og frjálsum leik og gerðar vísindatilraunir. Ræktun er einnig hluti námsins en þannig kynnast þau vel hringrás og þróun í

náttúrunni. Börnin fá að gera tilraunir með fjölbreyttan efnivið, liti, ljós og skugga og leita upplýsinga. Í skapandi starfi er reynt að endurnýta ýmislegt sem til fellur. Sorp er flokkað að hluta til svo börnin kynnist endurvinnslu og hvað hún felur í sér. Til að ýta undir þekkingu er einnig rætt um klæðnað eftir árstíðum og veðri auk þess sem unnið er með mismunandi leikefni og mismunandi lög sungin eftir árstíðum. Með því að skoða og kynnast öllum þessum hlutum í hópi annarra barna með stuðningi kennara læra þau að virða þá og gildi þess að vernda og annast.

Sköpun og menning

Einn af mikilvægustu þáttum í námi og þroska barna er fjölbreytt sköpun. Sköpunin á að beinast að ferlinu, náminu, gleðinni og tjáningunni eða því sem gerist á meðan barnið er að skapa. Námsumhverfið á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna.

Myndlist er veigamikill þáttur í skapandi starfi leikskólans. Hún fléttast inn í marga þætti hins daglega starfs auk þess sem unnið er sérstaklega að eflingu myndlistar bæði skipulögðum stundum auk þess sem börnin hafa alltaf aðgang að skapandi efni á föndurvagni í frjálsum leik. Ávallt skal unnið út frá forsendum barnanna, hugmyndum þeirra, þroska og áhuga. Lítil börn nota skynfæri sín við að upplifa, snerta, þreifa, bragða, lykta, sjá og hlusta og hafa starfsmenn það til hliðsjónar og gæta þess að börnin fái fjölbreyttan efnivið til að vinna með.

Mikil sköpun á sér stað þegar leikið er með hljóðfæri og er eitt markmiðið hjá okkur að efla tónlistarþroska barnanna. Í leikskólanum hafa börnin aðgang að tónlist og hljóðfærum bæði í skipulögðu starfi og leik. Leikskólinn hefur gert samning við Tónlistarskóla Rangæinga þar sem elsti árgangurinn fær kennslu inni í leikskólanum einu sinni í viku. Þar er farið yfir undirstöðupætti tónlistarinnar og grunnurinn lagður að frekara tónlistarnámi hjá börnunum. Í leikskólanum kynnast börnin bókmenntum og hlusta á sögur og ævintýri, læra þulur og ýmis sönglög og texta bæði í samveru- og sögustundum auk þess sem þau fá tækifæri til að semja sjálf sögur, ljóð og leikrit. Einnig fá börnin góðan tíma í frjálsum leik þar sem þau fá að njóta sín í skapandi og þroskandi ferli. Til að ýta undir skapandi hugsun og lausnaleit er beitt heimspekilegum aðferðum í samskiptum.

Menning fléttast inn í allt leikskólastarf og tengist m.a. leik, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Markmiðið er að börnin kynnist umhverfi leikskólans vel og menningu þess samfélags sem þau búa í. Við tölum um ólíka staði og upplifanir og reynum þar með að víkka sjóndeildarhring barnanna. Farnar eru ýmsar vettvangsferðir um nágrenni leikskólans og skoðuð íslensk húsdýr og búskaparhættir. Haldnar eru menningar- og þjóðlegar hátíðir eins og; Dagur íslenskrar tungu, Evrópskur tungumáladagur, þorrablót, bolludagur, sprengidagur, jólaball, vorhátíð og afmæli. Elstu börnin fara í útskriftarferð og skoða þá margvíslega staði sem þau hafa sjálf verið með í að velja og skipuleggja. Hlustað er á raddir barnanna og fá þau að hafa áhrif á starf leikskólans. Reglulega eru haldnir barnafundir með börnunum á eldri deildinni í anda Jákvæðs aga. Rannsóknir sýna að börn sem fá að vera með í ákvarðanatöku eru ánægðari en þau sem ekki fá að tjá óskir sínar og langanir. Reynt er að fá a.m.k. eina aðkeypta leiksýningu á ári fyrir börnin í samvinnu við foreldrafélagið. Börnum leikskólans er einnig boðið að koma á ýmsar skemmtanir á vegum Laugalandsskóla.

6. Dagskipulag leikskólans

Stundaskrá

Markmiðið er að hafa stundaskrána sem líkasta frá degi til dags til þess að skapa festu og ramma utan um leikskólastarfið. Hver árgangur hefur sína útfærslu á stundaskránni.

Daglegt líf í leikskólanum markast af nokkrum föstum athöfnum sem settar eru inn í stundaskrána. Morgunfundir eru daglega um kl. 9 þar sem börnum er skipt í þrjá hópa eftir aldri. Hver fundur stendur í u.þ.b. 10 mínútur. Árgangastundir með árgangastjóra eru einu sinni í viku fyrir hvern árgang og hefur

hver árgangur sinn fasta tíma á stundaskrá. Einn morgun eftir morgunfund er „Úti er ævintýri“, útikennsla fyrir þrjá elstu árgangana. Samveru- og sögustundir eru daglega og er börnunum þá skipt upp eftir aldri í tvo til þrjá hópa.

Íþróttaskóli tveggja elstu árganga er einu sinni í viku eftir hádegi og einnig eru íþróttir fyrir 2-3 ára einu sinni í viku. Elstu börnin fara tvisvar í mánuði í skólaheimsókn í grunnskólann og tvisvar í mánuði í dagskóla með 1. og 2. bekk. Þegar ekki eru skipulagðar stundir er frjáls leikur. Þá velja börnin sér sjálf leiksvæði úti eða inni, viðfangsefni og leikfélaga. Þau hafa góðan tíma til að skipuleggja og setja upp leik á eigin forsendum og þau stjórna leiknum sjálf. Í boði eru margvísleg viðfangsefni sem börnin taka þátt í að velja. Starfsmenn eru alltaf til stuðnings í leik barnanna, taka þátt og grípa inn í samskipti og leik eftir því sem við á. Elstu börnin fá tónlistarkennslu eina kennslustund í viku yfir vetrartímamann í samstarfi við Tónlistarskóla Rangæinga.

Boðið er upp á morgunmat á morgnana fyrir þau börn sem koma fyrir 8:30 og ávaxtastund fyrir hádegi. Hádegismatur er tvískiptur á yngri deildinni fyrst borða árs gömlu börnin kl. 11 og þegar þau eru búin borða þau eldri um kl. 11:30. Síðdegishressing byrjar síðan um 14:30.

Með þessu skipulagi er lagður grundvöllur að því að ná fram markmiðum skólanámskrár sem eru unnin út frá Aðalnámskrá leikskóla og grunnþáttum menntunar.

7. Sérfræðiþjónusta

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir í 21. gr. um skipulag sérfræðiþjónustu að á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla. Ráðherra setur reglugerð um sérfræðiþjónustu leikskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í gr. 22. um Framkvæmd sérfræðiþjónustu segir að:

Börn sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðiþjónustu skv. 21. gr. í samráði við foreldra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir. Við framkvæmd sérfræðiþjónustu skulu sveitarfélög leggja áherslu á góð tengsl leikskóla og grunnskóla með samfelli í skólstarfi að leiðarljósi.

Í 23 gr. um Sérfræðinga í leikskólamálum segir að:

Á vegum sveitarfélaga skulu starfa sérfræðingar í leikskólamálum er veita leikskólumráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Þeir sinna einnig eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skóla.

Samkvæmt íslenskum lögum á því hverju barni innan leikskólans að vera tryggðar aðstæður til náms og þroska. Það felst því í hlutverki leikskólans að jafna uppeldis- og námsstöðu allra barna. Í leikskólanum hefur verið gerð handbók um snemmtæka íhlutun varðandi málþroska.

Leikskólinn hefur aðgang að sérfræðiþjónustu og eru Rangárþing ytra og Ásahreppur aðilar að Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu.

Ef barn glímir við erfiðar aðstæður s.s. langvarandi veikindi, fötlun, seinþroska, félagslega/tilfinningalega erfiðleika, taugafræðilega röskun eða eru bráðger, þá fá börn leikskólans stuðningstíma eða sérkennslu og einstaklingsáætlun gerð fyrir barnið allt eftir eðli stuðnings.

Stuðningstímar eru viðbótarúrræði handa þeim einstaklingum sem vegna aðstæðna sinna þurfa sérhæfðar leiðir til að þroskast og læra í samfélagi við önnur börn í skólanum. Í skólanum er stuðningur veittur á tvennan hátt. Í fyrsta lagi er boðið upp á stuðningstíma þar sem skipulögð er stund með barninu einu eða með öðrum börnum sem er boðið að taka þátt með barninu/börnunum sem þurfa á stuðningnum að halda. Í öðru lagi er reynt eftir megni að hafa stuðning og „sérkennslu“ í því starfi sem barnið er hverju sinni. Stuðningsaðili kemur þá til barnsins þar sem það er í starfi en er ekki tekið úr starfi með öðrum börnum.

Nemendaverndarráð hefur verið stofnað við leikskólann. Hlutverk þess er að samþætta stoðþjónustu í þeim tilgangi að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Í nemendaverndarráðinu sitja fimm fulltrúar: Skólastjóri ásamt einn fulltrúi leikskóla, einn frá skólaþjónustu, einn frá heilsugæslu og einn frá félagsþjónustu og eru þessir aðilar fulltrúar sinna stofnana.

8. Mat á námi og velferð barna

Til þess að meta stöðu og þroska barna eru notuð stöðluð próf og skimanir.

Mot – 4-6 er hreyfiþroskapróf sem má nýta til að mæla hreyfiþroska barna á aldrinum 4-6 ára. Verkefni 18 kanna líkamslíðleika, samhæfingu, færni, fínhreyfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stökkkraft, hraða og nákvæmni hreyfinga. Prófið er notað á tveimur elstu árgöngum leikskólans í janúar.

Íslenski þroskalistinn sem gefinn er út á vegum Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála. Hann er tæki til að mæla þroska 3ja til 6 ára barna á mál- og hreyfisviði. Listinn er íslenskur og staðlaður þannig að íslenskar mæður eiga að svara staðhæfingum um þroska barnsins og niðurstöður byggja á þeim svörum. Fundin er ein þroskatala auk mælitölu, annars vegar fyrir hreyfisvið og hins vegar fyrir málsvið. Hreyfisvið nær yfir fínhreyfingar, grófhreyfingar og sjálfsbjörg. Málsvið er hlustun, tal og nám. Listann má nýta til að meta þroska einstaka barns sem og til að meta þroska barna í heilum árgangi. Í leikskólanum er hann lagður fyrir öll fjögurra ára börn í janúar.

Íslenski smábarnalistinn er staðlaður þroskalisti til að meta mál- og hreyfiþroska ungbarna á aldrinum 15 til 38 mánaða. Listinn er sjálfstætt framhald af Íslenska þroskalanum og svarar móðir spurningum líkt og við Íslenska þroskalanum. Þessi listi er lagður fyrir ef þurfa þykir.

Hljóm-2 er athugun á hljóðkerfis- og málvitund barna og byggir á niðurstöðum langtímarannsóknna á tengslum hljóð- og málvitundar við lestrarfærni barna. Hljóm – 2 er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans í september. Athugunin fer fram í leikskólanum og tekur um 20 mínútur. Með þessari viðbót eru enn meiri líkur á að greina börn sem hugsanlega eru í áhættu hvað varðar lestrarörðugleika og mæta þeim með viðeigandi aðgerðum síðasta árið í leikskólanum. Ef um frávík er að ræða er haft samband við foreldra, niðurstöður ræddar og viðeigandi ráðstafanir gerðar. Þá er próf lagt aftur fyrir í janúar.

TRAS er skráning á málþroska 2-5 ára barna. Skoðaður er samleikur og félagfærni, tjáskipti og samskipti, athygli og einbeiting, málskilningur og málmeðvitund, setningamyndun og framburður. Þessir þættir gefa góða yfirsýn yfir málþroskaferli barns. Ef veikleikar koma fram á einhverju sviði er strax hægt að bregðast við. Leikskólakennarar sem hafa réttindi til að taka TRAS próf sjá um þennan þátt. Lagt fyrir öll börn frá 2- 5 ára tvisvar á ári.

AAL prófið er atferlis- og athuganalisti sem metur atferli barna. Leikskólakennari/ sérkennslustjóri fylla út þennan lista ef þurfa þykir.

Orðaskil er málþroskapróf sem byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og háls til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort

málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Kennarar og foreldrar fylla út listann ef áhyggjur varðandi málþroska eru fyrir hendi.

9. Mat á skólastarfi

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 17. gr. er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum

Hver leikskóli skal síðan meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskólinn birtir síðan opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í skólastarfinu og leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði skólastarfsins.

Við innra mat á leikskólanum skulu eftirfarandi þættir skoðaðir: Börn, starfsfólk, samskipti, líðan, leikur, námssvið leikskólans, skólanámskrágerð, stjórnunarhættir, samskipti og tengsl utan skólans, húsnæði, útileiksvæði, búnaður leikskólans og samstarf heimilis og skóla.

Þær aðferðir sem notaðar eru til mats á leikskólanum eru m.a.: starfsmannasamtöl, foreldrasamtöl, samtöl við börnin, spurningalistar lagðir fyrir starfsfólk og aðstandendur auk starfsmannafunda, deildarfunda og deildarstjórafund þar sem sífellt er verið að meta starfið. Gera skal grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum innra gæðamats í ársskýrslu um starfsemi leikskóla samkvæmt reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. Skýrslan er síðan birt á heimasíðu leikskólans.

Sveitarfélögin tvö sem standa að leikskólanum skulu sinna ytra mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Leikskólastjóri skal sjá um að láta af hendi þær upplýsingar sem óskað er eftir varðandi þessa þætti.

10. Foreldrasamstarf

Þar sem barnið kemur til með að dvelja mikinn hluta dagsins í skólanum er mjög mikilvægt að góð samvinna og traust takist strax í byrjun milli foreldra og starfsfólks. Samstarf heimilis og leikskóla er grundvöllur fyrir því að barni líði vel og eru dagleg samskipti þegar börnin koma og eru sótt sérstaklega mikilvæg.

Gott upplýsingaflæði þarf að vera á milli heimilis og skóla svo dvöl barnsins í skólanum verði sem ánægjulegust. Foreldrum er velkomið að hringja í skólann og spyrja um barnið og eins hringir starfsfólk ef þörf krefur. Sérstakar tilkynningar eru auglýstar í fataklefa, á lokaðri Facebooksíðu leikskólans, heimasíðu leikskólans og/eða tölvupósti til foreldra. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning í uppeldi barna. Foreldrar geta alltaf leitað til starfsfólks skólans með öll þau mál og spurningar sem upp kunna að koma varðandi barnið og starfsemi leikskólans. Mikilvægt er að starfsfólk fái upplýsingar ef eitthvað kemur upp sem getur haft áhrif á daglegt líf barnsins s.s. skilnaður, dauðsfall, veikindi í fjölskyldu eða flutningar. Gæta skal

trúnaðar með allar upplýsingar sem varða börnin og fjölskyldur þeirra. Foreldrar þekkja barnið sitt best en við kynnumst því í starfi og þekkjum þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrar eru boðaðir í foreldrasamtall einu sinni á ári í febrúar eða mars. Í þessum samtölum er m.a. rætt um líðan barnsins og þroska í skólanum, hvernig barninu gengur í félagslegum samskiptum o.fl. Foreldrar og leikskólakennarar geta einnig óskað eftir samtali á öðrum tímum. Foreldrafundur er haldinn á hverju hausti þar sem m.a. starf vetrarins er kynnt. Foreldrakaffi er haldið einu sinni á vetri þar sem boðið er upp á veitingar sem börnin hafa tekið þátt í að útbúa.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfrækt foreldrafélagið „Hans og Gréta“ og er aðalfundur félagsins haldinn að hausti. Fjórir foreldrar sitja í stjórn. Leikskólastjóri er tengiliður leikskólans við foreldrafélagið og situr fundi þess þegar þess er óskað. Í foreldrafélaginu eru allir foreldrar sjálfkrafa félagar og greiða þangað gjald sem er innheimt í heimabanka. Markmið foreldrafélagsins er að standa vörð um hagsmuni barnanna og standa fyrir fræðslu, skemmtun og tilbreytingu fyrir börnin og foreldrana, sem fellur utan ramma hins daglega leikskólastarfs.

Foreldrafélagið stendur fyrir leiksyningu fyrir börnin a.m.k. einu sinni á ári. Einnig kemur félagið að vorhátíðinni með því að aðstoða við veitingar fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Aðal fjáröflunarleið félagsins, fyrir utan félagsgjöld hefur verið kökubasar á Aðventuhátíðinni að Laugalandi fyrsta sunnudag í aðventu.

Foreldrafélagið hefur verið leikskólanum mikill stuðningur og gefið ýmis tæki og leikföng sem hafa komið sér ákaflega vel fyrir skólann.

Foreldraráð

Við leikskólann er starfandi foreldraráð og er það skipað fjórum foreldrum sem einnig eru í stjórn foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar, sbr. 2. mgr. Gr 4., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs og gátlista má finna á heimasíðu leikskólans.

11. Samstarf við grunnskólann á Laugalandi

Samkvæmt Lögum um leikskóla nr. 90/2008 VI. Kafli, 16. gr. skal gera grein fyrir tengslum leik- og grunnskóla í skólanámskrá ásamt því hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.

Mikið og gott samstarf er milli leik- og grunnskóla á Laugalandi og eru eftirfarandi markmið sett í leikskólanum varðandi samskiptin:

- Að venskapur og félagsleg tengsl barna í leik- og grunnskóla viðhaldist og styrkist
- Að veita börnunum stuðning og öryggi með tengingu og samfellu skólastiganna
- Að elstu börn leikskólans fái gott tækifæri til að kynnst með markvissum hætti aðstæðum og skipulagi fyrir skólabyrjun
- Að leik- og grunnskólakennarar yngsta stigs þekki starf hvers annars og geti þannig myndað samfellu í námi og kenngslu barnahópsins
- Að skólarnir stuðli að samfellu í uppeldi og menntun og efla tengsl og samvinnu sín á milli, eins og áhersla er lögð á í námskrám beggja skólastiga

- Að bæði skólastigin vinni út frá sömu hugmyndafræði og kennarar af báðum skólastigum setji sér sameiginleg markmið með samstarfinu og samræmi kennsluaðferðir (námsaðferðir) svo gæði og skilvirkni náms verði sem best
- Að skapa sameiginlega sýn á milli skólastiganna þar sem nýtt er það besta frá báðum skólastigum
- Að skapa meira öryggi fyrir foreldra þegar börn þeirra skipta um skólastig
- Að taka mið af þörfum barnahópsins og móta vettvang þar sem nám fer fram
- Að mæta þörfum hvers og eins án þess að flokka aðeins eftir aldri
- Byggja nám og kennslu á reynslu barnanna

Samstarfsfundir

Skólastjórnendur funda reglulega að hausti og vori og svo eftir þörfum. Að hausti funda skólastjórnendur beggja skólastiga og fara yfir væntanlegt samstarf vetrarins. Auk þess er haldinn fundur þar sem leikskólakennari sem sér um elsta hópinn fundar með bekkjarkennara á yngsta stigi til þess að skipuleggja samstarf vetrarins. Með þessum fundum er m.a. verið að efla tengsl kennara á báðum skólastigum.

Á vorin er einnig fundað og þá er m.a. farið yfir þau gögn sem fylgja nemendum yfir á næsta skólastig og skólastjórnendur meta samstarf vetrarins. Í lögum um leikskóla 90/2008, kafla IV. gr. 16 segir:

Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess. Ráðherra setur reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla þar sem m.a. skal kveðið á um hvaða upplýsingar falla undir grein þessa, um meðferð, eyðingu og miðlun upplýsinga milli skólastiga og um stöðu og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum sem varða börn þeirra.

Auk þessara funda eru haldnir fundir eftir þörfum hverju sinni.

Reynt er að samræma einhverja starfsdaga beggja skólastiga en þannig er möguleiki á að samnýta námskeið og ýmsa fræðslu fyrir starfsfólk skólanna.

Íþróttaskóli

Tveir elstu árgangarnir fara í íþróttaskóla einu sinni í viku undir handleiðslu íþróttá- og leikskólakennara ásamt yngstu árgöngum Laugalandsskóla. Það er liður í samstarfi skólastiganna. Þar er hreyfiproski eflur, þol, samvinna í hóp o.fl. Á vorin og haustin er farið í sund.

Dansvikan

Á haustin er dansvika í grunnskólanum þar sem elstu tveir árgangar leikskólans fá danskennslu hjá danskennara. Í lok dansvikunnar er aðstandendum boðið á danssýningu.

Skólaheimsóknir

Skólaheimsóknir í grunnskólann hefjast að hausti fyrir elsta árgang leikskólabarna. Þá fara nemendur og taka þátt í einni kennslustund með 1. bekk aðra hvora viku og hina vikuna fara þau eina kennslustund í dagskóla með 1. og 2. bekk. Á þennan hátt kynnast þau umhverfi, reglum og venjum sem ríkja í grunnskólanum. Einnig styrkja þau og viðhalda vinskáp sem myndast hefur á fyrri árum í leikskólanum. Að vori fara elstu nemendur leikskólans þrjá daga í grunnskólann. Þá eru þau lengur en einn tíma í senn og prófa að fara í frímínútur, borða nesti og hádegismat með grunnskólanemendum. Á meðan á þessum heimsóknum stendur kemur hluti nemenda úr 1. og 2. bekk í heimsókn í leikskólann.

Námsefni

Góð samvinna er við kennara grunnskóla yngsta stigs varðandi námsefni. Þá fá þeir nemendur leikskólans sem eru farnir að lesa eða sýna lestri áhuga lánaðar lestrarbækur og lestrarmiða þar sem kvittað er á fyrir heimalestur eða lestur í leikskóla. Með þessu geta þessir nemendur leikskólans haldið áfram þar sem þeir eru staddir þegar þeir koma upp í 1. bekk. Það er viðhorf beggja skólastiga að efla skuli samvinnu milli skólastiganna en ekki flýta nemendum né seinka. Félagslegur þáttur barna á þessum aldri og sterk leikþörf er ríkjandi þáttur í lífi barnsins. Þó nemandi sýni góða námshæfileika skal honum ekki flýtt heldur koma til móts við þarfir hans í leikskóla í samvinnu við grunnskóla. Með þessu er lögð áhersla á samfellu og sveigjanleika milli skólastiganna á Laugalandi.

Skemmtanir

Nemendum leikskóla er boðið á ýmsar skemmtanir grunnskólans s.s. generalprufu jólaskemmtunar og árshátíðar auk þess sem nemendum er boðið á jólaball.

Dagur íslenskrar tungu

Á degi íslenskrar tungu bjóða leikskólanemendur yngstu árgöngum grunnskólans til sín og halda sameiginlega samverustund þar sem m.a. er lesið og farið með ljóð.

Bókasafn

Leikskólinn fær afnot af bókasafni eftir þörfum.

12. Samstarf við Tónlistarskóla Rangæinga

Gott samstarf er við Tónlistarskóla Rangæinga og fá elstu nemendur leikskólans tónlistarkennslu einu sinni í viku. Einnig hefur tónlistarskólinn boðið öllum nemendum á tónleika og hljóðfærakynningu einu sinni á ári.

13. Starfsáætlun

Fyrir hvert skólaár er lögð fram starfsáætlun og skóladagatal þar sem starfsemi og helstu atburðir skólaársins eru settir fram. Starf skólans er hefðbundið frá ári til árs og metið á hverju vori. Í ársskýrslu skólans (að loknu skólaári) koma fram helstu upplýsingar um skólastarfið og áherslur í starfi. Hvaða leiðir eru farnar, niðurstöður mats og úrbótaáætlun sem ramma inn starf komandi skólaárs.

14. Öryggismál

Áfallaáætlun og viðbragðsáætlanir gegn vá

Það er stefna í Leikskólanum Laugalandi að bregðast vel og rétt við þeim áföllum sem nemendur og starfsmenn skólans kunna að verða fyrir. Einnig að vera viðbúin eins og hægt er ef hættulegir atburðir eiga sér stað. Í leikskólanum hefur áfalla- og viðbragðsáætlun verið gerð og er kynnt starfsfólki að hausti. Áfalla- og viðbragðsáætlun má finna á heimasíðu skólans.

15. Einelti

Einelti er ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna, ógna eða valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Einelti er líka langvarandi ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einum sem ekki kemur vörnum við. Einelti felur í sér misbeitingu á valdi þar sem gerandinn beitir hótunum og vill ráða yfir þólandanum. Einelti birtist í mörgum myndum, s.s.:

- Líkamlegt: meiðingar, hrindingar, klór, spörk
- Í orði : uppnefni, niðrandi athugasemdir, hótanir og endurtekin stríðni
- Efnislegt: eigum stolið, þær faldar eða eyðilagðar
- Félagslegt: viðkomandi skilinn útundan eða hunsaður
- Andlegt: viðkomandi þvingaður til að gera eitthvað sem stríðir algerlega gegn réttlætiskennd hans og sjálfsvirðingu, svipbrigði og augnaráð

Einelti getur verið mjög dulið bæði hjá börnum og fullorðnum. Starfsmenn leikskóla og foreldrar þurfa að vera meðvituð um hvað einelti er og koma í veg fyrir það. Afla þarf góðra upplýsinga þegar verður vart við einelti, t.d. með skráningu. Hvetja börnin til að segja frá og styðja við bakið á þeim og aðstoða þau börn sem leggja önnur börn í einelti við að breyta hättarni sínu. Námsfnið Blær kemur m.a. vel inn á þessa þætti. Ef upp kemur einelti er unnið úr því í samstarfi við foreldra gerenda og þólanda.

Ef einelti kemur upp meðal starfsmanna og gerir lífið á vinnustaðnum illþólanlegt eða óbærilegt fyrir starfsmanninn, dregur úr starfsorku og hefur slæm áhrif á starfsandann verður sá sem fyrir því verður að hafa samband við leikskólastjóra eða trúnaðarmann. Þeir aðilar aðstoða starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þólanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir. Ekki er hér verið að ræða um skoðanaágreiningu eða hagsmunaárekstra sem kunna að verða milli einstaklinga. Niðurlægjandi framkomu skal aldrei samþykkja á milli einstaklinga. Sjá má eineltisáætlun á heimasíðu skólans.

16. Lokaorð

Skólanámskrá skal endurskoða reglulega svo hægt sé að leiða til enn frekari framþróunar og umræðu innan leikskólans og stuðla að betra starfi í takt við tíma samfélagsins hverju sinni.

Hér í nýrri skólanámskrá hefur nú verið gerð grein fyrir starfsemi skólans, áherslum, markmiðum, leiðum og gildum. Það er von okkar að námskráin veiti foreldrum og öðrum hagsmunaaðilum upplýsingar um það fjölbreytta starf sem unnið er í leikskólanum. Námskráin er einnig mikilvægt skjal fyrir starfsmenn skólans og þá sérstaklega fyrir nýja starfsmenn sem koma til starfa.

Ný skólanámskrá hefur nú verið endurskrifuð m.a. með tilliti til aðalnámskrár leikskóla gefin út 2011.

Laugalandi, júní 2022

Sigrún Björk Benediktsdóttir
leikskólastjóri